FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Nútímabókmenntir og hugtakabeiting
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	bókmenntasaga 1900 til samtímans, hugtakabeiting, nútímabókmenntir
Skammstöfun:	ÍSLE2NH05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Fjallað verður um bókmenntasögu frá 1900 til samtímans. Lesnir verða fjölbreyttir textar. Nemendur læra helstu hugtök bókmenntafræði og æfast í að beita þeim. Einnig verður lögð áhersla á munnlega tjáningu. Nemendur þjálfast í samræðutækni, að tjá skoðun sína og að taka afstöðu. Nemendur fá leiðbeiningar við ritun texta og við notkun heimilda.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grunnhugtökum varðandi bókmenntir og bragfræði • helstu stefnum og straumum frá 1900 til samtímans • gildi fjölbreytts orðaforða, orðasambanda og ólíks málsniðs í ræðu og riti • samræðu- og viðtalstækni • byggingu ritsmíða og þeim reglum sem gilda um uppsetningu og frágang ritsmíða • grunnatriðum heimildavinnu
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa fjölbreytta texta, jafnt nytjatexta sem skáldverk • beita myndmáli og stílbrögðum í tali og ritmáli • beita upplýsingalæsi og nota handbækur og upplýsingaveitur • beita samræðutækni og viðtalstækni • rita persónulegan texta • vinna mismunandi tegundir ritgerða
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu texta • taka afstöðu af umburðarlyndi og útskýra sjónarmið sín • láta hugmyndaflugið njóta sín • tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt í ræðu og riti, með fjölbreyttum orðaforða sem tekur mið af mismunandi málsniði • velja heimildir með gagnrýnum hætti

Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.